

Murtex Silicate

Sílikatmálning



Efnislýsing

Murtex Silicate er einpátta steinefnamálning (e. mineral paint) sem byggir á vatnsglerbindiefni (e. silica waterglass). Hún er ætluð til málunar á steiptum flötum, pússuðum sem ópússuðum, og er einnig heppileg til málunar á múrsteini, gífsplötum og trefjaplötum. Sílikatefnið í málningunni binst efnatengjum við steinefnaundirlagið og verður þannig órjúfanlegur hluti af yfirborðinu.

Meðhöndlun

Undirlagið skal vera hreint og þurr. Mikilvægt er að undirlagið sé vel harðnað og fastbundið.

Málun

1. Illa bundnir fletir og fletir með laust yfirborðslag skal pússa uns flöturinn er þéttur og án allra lausra efna. Nauðsynlegt er að skrapa upp sprungur og meðhöndla með viðeigandi efni.
2. Mjög gljúpa fleti, t.d. kalkmálaða og Snowcem fleti, skal grunna með Murtex Silicate Primer grunni, þynntum út með vatni í hlutföllunum 1:1.
3. Grunnið með Murtex Silicate málningu sem skal blanda með Murtex Silicate Primer í hlutföllunum 2:1.
4. Málið 1-2 umferðir yfir með Murtex Silicate málningu, sem má þynna með Silicate Primer allt eftir því hvaða áferð óskað er eftir. Til að tryggja jafnan lit og góða áferð er best að mála þvers og kruss, en ekki alltaf í sömu átt. Ekki skal þynna Silicate málningu með vatni.

Varúð

Murtex Silicate hefur ætandi áhrif á gler, leir, flísar, náttúrustein og málma. Verjið viðkomandi fleti fyrir slettum frá málningunni og notið ætíð öryggisgleraugu og hlífðarhanska.

Málið aldrei þegar yfirborðshitastig flatarins er undir 10 °C eða ef rakastig er hátt (má ekki vera yfir 80%).

Annað

Hrærið vel í dósinni fyrir notkun. Málið ekki ef sól skín beint á flötinn eða ef hætta er á regni eða daggarmyndun innan næstu klukkustunda eftir lok verks.

Heilsufars- og umhverfismál

Ekki láta málningarfötuna standa opna meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Ekki hella málningarleifum og hreinsiefnum í niðurföll. Tónum umbúðum og hreinsiefnaleifum skal skila til endurvinnslustöðva. Sjá frekari upplýsingar á öryggisblaði.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Innan- og utanhúss

Tegund: Vatnsgler (e. waterglass)

Þurrktími: Við 23°C/50% raka, 1 klst.

Yfirmálun: Við 23°C/50% raka, 12 klst.

Hiti við málun: minnst +10°C, mest +25°C

Rakastig: 40-80%, kjörakastig 65%

Þynning: Murtex Silicate Primer

Verkfæri: Penslar, rúllur, málningarsprautur

Þekja nýmálun: 5-7 m²/l

Þekja endurmálun: 7-9 m²/l

Umbúðir: 2,5 og 10 lítra fötur

Hreinsun: Sápuvatn

Geymsla: Í frostfríu rými

Rokgjörn lífræn efni (VOC (fl. A/c) 40 g/l.) :
Inniheldur mest 25 g/l.



SÉREFNI

Dalvegi 32b Kópavogi | sími 517 0404 | serefni.is